



Ársreikningur Fjarðabyggðar 2014
Fyrri umræða í bæjarstjórn
15. apríl 2015

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2015 er hér með lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn, áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra, eins og sveitarstjórnarlög kveða á um. Áformáð er að ársreikningurinn verði afgreiddur endanlega við síðari umræðu í bæjarstjórn, þann 30. apríl næstkomandi.

Ég mun fara yfir helstu stærðir ásamt þeim atriðum sem vert er að nefna við fyrri umræðu um ársreikninginn. Með mér eru Snorri Styrkársson, fjármálastjóri og Sigurjón Ö. Arnarson, endurskoðandi hjá KPMG og munum við að yfirferð lokinni svara spurningum bæjarfulltrúa um ársreikninginn.

Að venju fer hér fram mikill lestar á tölu, enda eðlilegt að gerð sé skýr grein fyrir ársreikningi sveitarfélagsins. Dregin saman í eina setningu, á sambærilegan hátt og gert var í fyrra, er niðurstaðan eftirfarandi:

Í heildina litið er rekstrarafkoma sveitarfélagsins góð og lækkun skulda skv. skuldaviðmiði umfram áætlunar, en að sama skapi er niðurstaða a-hluta sveitarsjóðs tölувert undir væntingum og nú þegar er unnið að því að bregðast við.

Rekstrarniðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða, hjá samstæðu A og B hluta, var jákvæð um 1.104 millj. kr. á árinu. Þar af var rekstrarniðurstaða í A hluta 377 millj. kr. Góð framlegð varð í rekstri samstæðu A og B hluta á árinu 2014, en svokölluð EBITDA¹ framlegð nam 20%. Í A hluta nam EBITDA framlegðin 9,2% sem eru ákveðin vonbrigði og ekki skv. áætlunum sveitarfélagsins sem gerðu ráð fyrir 13% framlegð í A-hluta. Jákvæð rekstrarniðurstaða á rekstri samstæðu sveitarfélagsins er 361 millj. kr. á árinu en í A hluta er rekstrarniðurstaða neikvæð um 72 millj. kr. Til samanburðar var rekstrarafgangur samstæðu 937 millj. kr. á árinu 2013 og í A hluta 286 millj. kr. Á heildina litið er einkum tvennt sem skýrir jákvæðan rekstur sveitarfélagsins í heild umfram áætlunar. Í fyrsta lagi lægri afskriftir og í öðru lagi lægri verðbólga en gert var ráð fyrir í áætlunum.

¹ Skammstöfunin EBITDA stendur fyrir *Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization* eða hagnað fyrir fjármagnsliði, skatta, afskrift fastafjármuna og viðskiptavildar. Til styttingar er talan gjarnan nefnd hagnaður fyrir afskriftir. Hún er mælikvarði á framlegð fyrirtækja og segir til um hve miklu reksturinn skilar, óháð fjármögnun hans og skattaumhverfi

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2014 námu 5.457 millj. kr. samkvæmt ársreikningi hjá samstæðu A og B hluta sem er 5,3% hækkun frá fyrra ári og 3,6% umfram fjárhagsáætlanir. Þar af námu rekstrartekjur A hluta 4.102 millj. kr. sem er um 7,6% hækkun frá fyrra ári og 5,3% umfram fjárhagsáætlanir. Rekstrartekjur eru í kr. talið 187 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og hækka um 273 millj. kr. frá síðasta ári.

Skatttekjur samstæðu, sem samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs, aukast um 169 millj. kr. frá fyrra ári. Hærri útsvarstekjur að fjárhæð 130 millj. kr. skýrast m.a. af áhrifum almennra kjarabóta á vinnumarkaði, ágætu gengi útflutningsgreina og atvinnuuppbryggingu í sveitarféluginu. Fasteignaskattar hækka um 32 millj. og framlög jöfnunarsjóðs um 34 millj. kr. þar sem framlög, s.s. vegna fasteignaskatts, skólamála, og húsaleigubóta, eru hærri en á árinu 2013. Aðrar rekstrartekjur samstæðu í heild, aukast um 69 millj. kr. frá fyrra ári.

Rekstarkostnaður ársins 2014, þ.e. laun, launatengd gjöld og annar rekstarkostnaður, nam alls 4.343 millj. kr. í samstæðu A og B hluta og 3.725 millj. kr. í A hluta.

Laun og launatengd gjöld í samstæðu A og B hluta námu samtals 2.583 millj. kr. og hækka um 401 millj. kr. á milli ára, eða 18,4% að meðtöldum reiknuðum breytingum á lífeyrisskuldbindingum. Á sama hátt var launakostnaður Fjarðabyggðar árið 2014 95 millj. kr. hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Áætlun ársins gerði ráð fyrir 3% launabreytingu milli áranna 2013 og 2014. Almenn launabreyting samkvæmt launavísitölu nam hinsvegar tæpum 7%. Að frádreginni breytingu lífeyrisskuldbindinga þá hækkuðu launaútgjöld Fjarðabyggðar og stofnana um 11,7% á milli áranna 2013 og 2014.

Aukning launakostnaðar árið 2014, umfram fjárhagsáætlun ársins, varð um 95 millj. kr. og má skýra frávikið með hækjunum á lífeyrisskuldbindingum og hækjun á orlofs- og frítökuréttarskuldbindingu í árslok. Fyrir utan reiknaða liði tókst vel að halda launum skv. launaáætlunum.

Lífeyrisskuldbinding Fjarðabyggðar og stofnana hækkaði um 233 millj. kr. á milli áranna 2013 og 2014 eða um 263%. Hækjunin skýrist af launahækjunum og endurreiknuðum lífeyrisréttindum lífeyrisþega og var hækjunin 58 millj. kr umfram áætlun.

Í árslok 2014 starfaði 454 starfsmaður hjá sveitarféluginu í 333 stöðugildum, samanborið við 481 starfsmenn í 324 stöðugildum í ársbyrjun.

Annar rekstarkostnaður hækkar um 233 millj. kr. eða um 15 % á milli ára í samstæðu A og B hluta og 6% frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Hluti þessarar hækunar á öðrum rekstarkostnaði, er greiddur af hækjun annarra tekna umfram áætlun.

Afskriftir í A hluta námu 213 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við 217 millj. kr. á fyrra ári. Hjá samstæðu A og B hluta eru afskriftir ársins 412 millj. kr. samanborið við 410 millj. kr. á árinu 2013.

Hrein fjármagnsgjöld námu 321 millj. kr. hjá samstæðu A og B hluta samanborið við 100 millj. kr. á árinu 2013. Hjá A hluta eru hrein fjármagnsgjöld 236 millj. kr. samanborið við 121 millj. kr. á árinu 2013. Heildarvaxtakostnaður og verðbætur voru 379 millj. kr og greidd vaxtagjöld námu 305 millj. kr í A og B hluta samstæðu.

Gengistap ársins nam 11 millj. kr og verðbætur 74 millj. kr. Þróun verðlags skýrir lægri fjármagnskostnað Fjarðabyggðar á árinu 2014 en áður hafði verið ráð fyrir gert.

Lækkun framlegðar í ársreikningi sveitarfélagsins er undir viðmiðunum enda lækkar framlegð um 360 millj. kr. milli ára og um 246 millj. kr. í A-hluta.

Eignir sveitarfélagsins eru 11.475 millj. kr. í lok árs 2014 en voru 11.444 millj. kr. í ársbyrjun. Fastafjármunir samstæðu A og B hluta voru 10.287 millj. kr. í árslok 2014 og veltufjármunir samtals 1.188 millj. kr.

Handbært fé er 534 millj. kr. í lok árs hjá samstæðunni en var 671 millj. kr. í ársbyrjun. Eignarhlutar í félögum námu 507 millj. kr. í árslok 2014. Þar af vegur þyngst 265 millj. kr. eignarhlutur í Lánaþjóði sveitarfélaga og 140 millj. kr. hlutur í Sparisjóði Norðfjarðar. Niðurfærsla eignarhluta í félögum nam 22 millj. kr. í árslok 2014.

Eigið fé í samstæðu A og B hluta er jákvætt um 2.180 millj. kr. og neikvætt í A hluta um 269 millj. kr. Til samanburðar var eigið fé samstæðu 1.819 millj. kr. í ársbyrjun og neikvætt í A hluta um 197 millj. kr.

Lífeyrirsskuldbinding samstæðu A og B hluta var 1.869 millj. kr. í árslok og langtímaskuldir 6.236 millj. kr. Af langtímaskuldum eru 843 millj. kr. leiguskuldir og 5.393 millj. kr. langtímaskuldir við lánastofnanir. Á árinu 2014 lækkuðu skuldir og skuldbindingar um 330 millj. kr eða 3,4%. Raunlækkun vaxtaberandi langtímalána nam um 570 millj. kr. Afborganir lána og fjármagnsgjöld námu samanlagt 880 millj. kr.

Skammtímaskuldir hjá samstæðu eru samtals 1.190 millj. kr. Þar af eru 555 millj. kr. næsta árs afborgun langtímaskulda og 48 millj. kr. reiknuð afborgun leiguskulda.

Skuldahlutfall samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið er 170% í A og B hluta en var 186% í lok árs 2013.

Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið var 157% í lok árs 2014, en var 170% í lok árs 2013. Áætlað var að skuldaviðmiðið yrði 167% í árslok 2014. Skuldir í hlutfalli við tekjur eru að lækka hraðar en ráð var fyrir gert, en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að 150% skuldaviðmiði yrði náð árið 2018. Ef fram heldur sem horfir næst skuldaviðmiðið á þessu ári.

Í sjóðstreymisfirliti sést að veltufé frá rekstri nemur 1.069 millj. kr. hjá samstæðu. Mikilvægt er að þessi stærð sé jákvæð um það sem nemur a.m.k. afborgunum lána og fjárfestinga, nema þær séu fjármagnaðar með lánum og greitt af til lengri tíma eða gengið sé á handbært fé. Mikið veltufé frá rekstri, hjá samstæðu

A og B hluta, sýnir best þann góða fjárhagslega styrk sem sveitarfélagið býr yfir til að takast á við skuldbindingar í heildina litið. Fjárfestingahreyfingar námu 533 milj. kr. í A og B hluta og fjármögnunarhreyfingar 581 millj. kr. Lækkun varð því á handbæru fé um 137 millj. kr.

Í A hluta nam veltufé frá rekstri 401 millj. kr. samanborið við 450 millj. kr. á árinu 2013. Afborganir lána og leiguskuldbindinga voru 471 millj. kr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 96 millj. kr. í A hluta og 562 millj. kr. í samstæðu A og B hluta. Helstu fjárfestingar á árinu eru vegna hafnarmannvirkja, vatnsveitu, snjóflóða- og ofanflóðavarna, gatnaframkvæmda og nýs leikskóla í Neskaupstað.

Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2014 kemur vel fram styrkur sveitarfélagsins þegar horft er til heildarinnar. Bendir ekkert til annars en að tekjugrunnur sveitarfélagsins haldi áfram að eflast og styrkjast líkt og áætlað var þegar ársreikningur 2013 var lagður fram, enda fjölgar í sveitarféluginu milli ára um 1,7% sem er mjög ánægjulegt. Rekstur a-hluta og framlegð hans er engu að síður óviðunandi.

Þá er skuldsetning sveitarfélagsins engu að síður yfir viðmiðum og vinna þarf áfram að rekstrarlegri hagræðingu, þótt góðum árangri hafi verið náð í því að ná skuldaviðmiði niður og jafnvægi í rekstri til skemmri og lengri tíma.

Sterkur tekjugrunnur, sem byggður er meðal annars á sterkum atvinnugreinum í sjávarútvegi, áliðnaði og þjónustugreinum, gefur á hinn bóginn fyrirheit um kraftmikið samfélag til framtíðar litið líkt og áður.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar

